

Nemandinn okkar

Nemandinn er stúlka í 8. bekk. Foreldrar hennar eru frá Sri Lanka. Hún var í íslenskum leikskóla og byrjaði í 1. bekk í skóla í stóru sveitarfélagi. Henni gengur mjög illa. Hana dreymir engu að síður um að hefja nám á framhaldsskólastigi að loknum 10. bekk. Kennararnir hennar hafa áhyggjur af því að hún muni ekki ráða við það sem þar er kennt og að hún hætti í framhaldsskóla og verði hluti af tölfræðinni um tvítýngda brottfallsnemendur.

NEMANDINN

Nemandi okkar er frá Sri Lanka og heitir Sarah. Hún er í 8. bekk í meðalstórum skóla. Foreldrar hennar tala litla íslensku en þau hafa verið búsett á Íslandi í rúman áratug. Sarah hefur staðið sig þokkalega fram að þessu en aukin áhersla á lesskilning og aukið námsefni í 8. bekk hefur gert henni mjög erfitt fyrir og hún er ekki að ná að standa sig jafn vel og áður. Sarah er ágætlega stödd félagslega og hefur mikinn áhuga á að halda áfram námi í framhaldsskóla. Við höfum áhyggjur af því að hún muni ekki ná að standa sig vel þar nema að við grípum inn í og aðstoðum hana við að ná betri tókum á náminu.

SKÓLINN

- Lögð verði höfuðáhersla á leiðir til að auka lesskilning hjá Söruh með ýmsum hætti s.s. að virkja samnemendur m. a. með PALS aðferðinni og samvinnunámi og að Sarah fái allt námsefni á hljóðbókarformi.
- Til þess að koma Söruh „af stað“ þarf hún stutt námskeið hjá sérkennara skólans sem kannar stöðu hennar í náminu og færni í lestri og lesskilningi. Í framhaldi af því setur sérkennarinn af stað heimalestur með hljóðbókum hjá Söruh í samráði við umsjónarkennara og. Markmiðasetning í námi Söruh þarf að taka mið af mati á stöðu hennar.
- Að hvetja Söruh til að tala og tjá sig í kennslustofunni og að hún fái st. a. við verkefni sem hún vinnur í blönduðum hópum með samnemendum sem eru betur staddir en hún. Í slíkum verkefnum fái hún hvatningu til þess að tala íslensku og auki þannig orðaforða sinn og um leið lesskilning.
- Að kennarar nýti gagnvirk verkefni á neti fyrir Söruh til að efla lesskilning.
- Aðlögun námsefnis og heimavinnu hennar þarf að huga að.
- Koma þarf á heildrænu námsmati þar sem Sarah mun m. a. sjálf meta eigin frammistöðu (sjálfsmat) út frá markmiðum sem hún setur sér hverju sinni. Einnig að hún vinni með samnemendum að jafningjamati.
- Lögð verður áhersla á að Sarah fari reglulega til náms- og starfsráðgjafans í skólanum sem lið í að styrkja sjálfsmynd hennar og efla námstækni. Einnig að fræðast um nám og störf. Lögð sé áhersla á að kenna Söruh markvissa glósutækni t.d. að nota hugtakakort. Aðlögun námsefnis Söruh og námsaðferðir hennar tengjast. Þannig getur hún t.d. unnið sögukort sem hjálpar henni við að muna atburðarrás og annað í sögunni (valverkefni eftir lestur sögu).
- Stefnt að því að Sarah taki áhugasviðspróf hjá náms- og starfsráðgjafanum og að hún fræðslu um leiðir í framhaldsskólanámi og setji sér markmið til að stefna að að loknum grunnskóla.

FJÖLSKYLDAN

- Huga að foreldrasamstarfi en stuðningur við foreldra/fjölskyldu Söruh er mikilvægur liður í því að hún nái að bæta sig.
- Tillaga sett fram um að halda fund með foreldrum hennar, umsjónarkennara og náms-og starfsráðgjafa tvisvar sinnum yfir skólaárið. Á fundunum verður túlkur, ef foreldrar óska þess.
- Sett verði markmið með foreldrum sem unnið verður út frá heima og í skólanum á milli funda. Á fundunum verður m.a. komið inn á mikilvægi menntunar í íslensku samfélagi og þær leiðir sem Sarah getur stefnt á. Einnig nauðsyn þess að Sarah nái betri tókum á náminu með því að bæta lesskilning sinn og námstækni til að ná markmiðum sínum í nútíð og framtíð.
- Á fundunum fá foreldrar kynningu á Tungumálatorginu, Fjölrika og efnisbönkum. Farið yfir notkun hljóðbóka og heimanám Söruh.
- Foreldrar fá einnig kynningu á „Heilahristingi“, félagsmiðstöð hverfisins og tilboðum íþróttafélaganna.

NÆRSAMFÉLAGIÐ

- Að Sarah fari á bókasafnið og nýti sér „Heilahristing“ á Borgarbókasafninu. Þar fær hún aðstoð með heimanámið.
- Leitað til félagsmiðstöðvarinnar í hverfinu og starfsfólk þar beðið um að fylgjast með Söruh og nýta tækifæri sem gefast í félagsstarfinu til að beina henni í hópa og félagsleg tengsl þar sem hún æfir sig í að tala íslensku og að skiptast á skoðunum við jafnaldra sína.
- Að kynna fyrir Söruh frístundatilboð hjá íþróttafélaginu í hverfinu.

ÍSLAND

Við munum leggja áherslu á að Sarah og fjölskylda hennar fái upplýsingar um íslenskt samfélag og hvaða réttindi og skyldur fjölskylda hennar hefur auk þess að kynna fyrir þeim í íslenska menntakerfið.